

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda anna 1921.

Póstsamningar við erlend ríki, samþykktir á pósthjóninu í Madrid 30. nóvember 1920.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af súld o. fl., undirskrifuð af konungi 16. september 1921.

Samningur milli pósthjónnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og pósthjónnar Íslands, undirskrifaður af atvinnuáráðherra 31. október 1921.

Bráðabirgðalög um lækkun á aðflutningsgjaldi af kotum og salti, undirskrifuð af konungi 16. nóvember 1921.

Tilskipun um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 30. nóvember 1921.

Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1922, undirskrifuð af konungi 21. desember 1921.

Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrínu drotningar, til styrktar sjúklingum á Landsspítala Íslands, undirskrifuð af konungi 30. desember 1921.

Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrínu drotningar, til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 30. desember 1921.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um takmörk verslunarlóðar í Höfn í Hornafirði.

12

21. apríl

Með brjefi, dags. 5. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað til lögur sýslunefndarinnar í Austur-Skaftafellssýslu, viðvíkjandi takmörkum verslunarlóðarinnar í Höfn í Hornafirði, ásamt uppdraetti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Höfn, sett eftir framangreindum tillögum og uppdraetti, svo sem hjer segir:

Frá hæð þeirri í suðausturbrún Syðri-Ægissíðu, sem er í línu frá Borg-eyjarkletti yfir miðjan Kexishöfða, er dregin bein lína í norðvestur í stefnu á Bjarnarneskirkju, þangað til línar mætir annari beinni línu, sem hefir stefnu í norðaustur eftir miði: háklettinn á Eystri-Ægissíðu ber í nyrðri Skálatindinn. Norðaustur og suðaustur-takmörkin eru strandlíurnar.

12 Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt
21. apríl fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

13 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjóð Þorvalds Thorodds-
7. febr. sen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 7. febrúar 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir sjóð

Þorvalds Thoroddsen.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá prófessors, dr. phil. Þorvalds Thoroddsen og konu hans Þóru, sem er fædd Pjetursson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gefa út íslensk rit um landafræði Íslands, jarðfræði og náttúrufræði, en ef engin þess háttar rit, að dómi sjóðsstjórnarinnar, þykja hæf til birtingar, má nota þann hluta vaxtanna, sem til ráðstöfunar er í þessu skyni, til að gefa út ritgerðir, sem fjalla um frumlegar rannsóknir á sög landsins og menningarsögu síðari alda eftir 1262, sömuleiðis til að gefa út samín rit um almenna náttúrufræði, sem auðskilin sjeu almennngi. Rituninn skal einnig annast útgáfu óprentaðra rita sjóðsstofnanda, sömuleiðis safna og gefa út minniháttar íslenskar ritgjörðir hans, sem áður hafa verið prentaðar á ýmsum stöðum, ennfremur, þegar tímar líða, einhver af hinum stærri ritum, sem álitid er að enn geti komid að gagni, en eru útseld í bókhlöðum.

3. gr.

Sjóðsstjórnina skipa 5 menn; skulu 3 kosnir úr flokki kennara hins almenna mentaskóla, en 2 velur Háskólinn meðal kennara sinna,